

# INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

LÁGMÚLA 9 • SÍMI: 568 6099 • FAX: 568 6299 • PÓSTHÓLF 5172 • 125 REYKJAVÍK  
KT.: 530372-0229 • BANKI: LANDSBANKI ÍSLANDS 139-26-4700

Alþingi  
Erindi nr. P. 27. 280  
komudagur 7. 4. 2002

## Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd  
c/o Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2002

Umsögn Innheimtustofnunar sveitarfélaga varðandi þsk. 647, 391. mál, 127. löggjafarþing 2001-2002: „Frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra”.

### I.

Innheimtustofnun sveitarfélaga telur að meðlagsgreiðslur eigi að vera skattfrjálsar og á það jafnt við um lögboðið lágmarksmeðlag, sem aukin meðlög á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests sammings milli foreldra.

### II.

Innheimtustofnun sveitarfélaga mótmælir því harðlega að handhafar meðlagsúrskurða, skilnaðarsamninga og annarra heimildarskjala eigi óheftan aðgang að Innheimtustofnun sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga gegnum Tryggingastofnun ríkisins.

Núgildandi kerfi hefur verið sveitarfélögunum þungur baggi. Tryggt hefur verið í áratugi að einfalt meðlag, meðalmeðlag, sem er sömu fjárhæðar og barnalífeyrir almannatrygginga eða nú kr. 15.076,- pr. mánuð er lagt út hjá Tryggingastofnun ríkisins og umboðum hennar þ.e. sýslumönnum landsins.

Hefur því ávallt verið hafnað, að auka við þessar fjárhæðir af ýmsum ástæðum. Geta má þess að þetta fyrirkomulag hefur aukið peningaleg umsvif mjög. Er nú svo komið að kröfur Tryggingastofnunar ríkisins á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga nema orðið um kr. 220 milljónum pr. mánuð. Nefna má eftirfarandi staðreyndir:

Yfirlit yfir meðlagsgreiðslur á árunum 1999, 2000 og 2001:

Ár:	Fjöldi móttakenda:	Fjöldi barna:
1999	10.517	14.431
2000	10.576	14.545
2001	10.589	14.605

Þá voru greidd út sérstök framlög skv. 1. mgr. 15. gr. barnalaga til 87 einstaklinga árið 1999, til 81 einstaklings árið 2000 og 90 einstaklinga árið 2001.

Hinn 1. janúar 2001 var meðlagið hækkað úr kr. 13.361,- í kr. 13.895,- eða um 4%. Hinn 1. janúar 2002 var meðlagið hækkað í kr. 15.076,- eða um 8,5%. Hér er því um verulega hækkun að ræða sem hækka mun allar tölur í samskiptum Jöfnunarsjóðs,

# INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

LÁGMÚLA 9 • SÍMI: 568 6099 • FAX: 568 6299 • PÓSTHÓLF 5172 • 125 REYKJAVÍK  
KT.: 530372-0229 • BANKI: LANDSBANKI ÍSLANDS 139-26-4700


Tryggingastofnunar ríkisins og Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2002. Um frekari hækkanir gæti verið að ræða síðar á árinu ef ríkisstjórnin ákveður að hækka barnalífeyri almannatrygginga.

Á árinu 1999 námu greiðslur frá sjóðnum kr. 544.059.734,- til þess að gera upp við Tryggingastofnun ríkisins. Árið 2000 námu þessar greiðslur 517.901.468,-. 2001 voru sóttar kr. 685.600.000,- í sjóðinn. Ljóst er því að um töluverða aukningu á greiðslum er að ræða fyrir síðastliðið ár.

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur tekist að innheimta ca. 70% af kröfum hvers árs. Það sem vantar á þarf að innheimta með miklum erfiðismunum á mörgum árum. Sumt tekst ekki að innheimta, það er því ljóst eins og fjárhag sveitarfélaganna er nú háttað að ekki er bætandi á útgjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með því að auka fjárstreymi á þessu sviði.

Hætta er á misnotkun. Fólk gæti samið um aukin meðlög og ekki greitt síðar. Til þess að bæta hag barnafólks má grípa til annarra úrræða t.d. að bæta barnabótakerfið í skattalögunum.

Virðingarfyllst,



Innheimtustofnun sveitarfélaga  
Hilmar Björgvinsson, forstjóri